

74 skjölum þeim, er fylgdu tjeðu brjefi yðar, sjest að Jón þessi hafði, frá því í marz-17. ágústmánuði f. á. og þangað til nefndin lagði útsvarið á hann í síðastliðnum októbermánuði, haft vinnu í Kalmannstungu í Hvitársíðuhreppi sem yfirsmiður við húsbýgging og að hreppsnefndin hefir því talið hann hafa haft þar fast aðsetur, er samkvæmt lögum frá 9. ágúst 1889 um viðauka við lög 9. janúar 1880 um breyting á tilskipun um sveitarstjórn á Íslandi 4. maí 1872 heimilaði henni að leggja á hann útsvar, þó að hann, einsog nefndinni var kunnugt, ætti lögheimili í Stafholtstungnahreppi.

Útaf þessu skal yður hjermeð til vitundar gefið til frekari birtingar fyrir hreppsnefndinni í Hvitársíðuhreppi, að stjórnarráðið verður að vera yður samdóma um það, að ákvæði tjeðra laga beri að skilja þannig, að menn geti eigi talizt hafa fast aðsetur í hreppi þar sem þeir leita sjer bráðabirgðaatvinnu, þótt dvölin verði þar lengri en 4 mánuðir, ef þeir eiga lögheimili í öðrum hreppi, sbr. brjef landsh. dags. 29. des. 1896 (Stj.tíð. B. 1896, bls. 230), og samkvæmt þessu hefir hreppsnefnd Hvitársíðuhrepps eigi haft heimild til að leggja útsvarið á Jón Ólafsson, en jafnframt skal tekið fram, að úrslit máls þessa heyra undir dómstólana.

75

1. sept.

Reglugjörð

um

fyrirkomulag og samning skýrslna um alidýrasjúkdóma.

Samkvæmt fyrirmælum 2. greinar laga nr. 21. frá 20. október 1905 er eptirrituð reglugjörð sett.

1. gr.

Hreppstjórar skulu semja árlega skýrslu eptir fyrirmynd þeirri, sem prentuð er hjer á eptir, yfir sjúkdóma, sem komið hafa í alidýr í hreppnum á skýrsluárinu. Samskonar skýrslu skulu bæjarfógetar semja fyrir kaupstaðina.

Skýrsluárið telst frá 1. júní til 31. maí. Til skýrslnanna skal safnað á vorhreppskilum.

Skýrslur hreppstjóra skulu vera komnar til sýslumanna fyrir lok júnímánaðar; semja sýslumenn síðan yfirlit yfir alidýrasjúkdóma í hverri sýslu og senda stjórnarráðinu innan loka ágúsmánaðar, ásamt skýrslum hreppstjóra sem fylgiskjölum. Innan sama tíma senda bæjarfógetar skýrslur sínar stjórnarráðinu.

2. gr.

Þeir, sem alidýr eiga eða hafa undir höndum, skulu svo sem þeir framast vita, skýra á vorhreppskilum ár hvert hreppstjóra sínum, í kaupstöðum bæjarfógeta, frá þeim sjúkdómum, sem komið hafa á skýrsluárinu í alidýr þeirra, og

gefa þar að lútandi upplýsingar, allt eptir því sem fyrir er mælt í reglugjörð þessari.

75
1. sept.

3. gr.

Alidýr þau, sem skýrslur skal gefa um, eru hestar, nautpeningur, sauðfje, geitfje, svín og hundar, og skal hver húsráðandi gefa hreppstjóra eða bæjarfógeta skýrslu um öll nefnd alidýr, sem á heimili hans eru, hvort sem hann á þau sjálfur eða aðrir. Skal hann tilfæra sjúkdómama eptir 3 tímabilum, sem sje: júní til septbr., oktbr. til desember og janúar til maí, og taka fram um hvern sjúkdóm, hve margt hafi veikzt og hve margt drepizt; þar til telst einnig það, sem skorið er af dauðvona. Að öðru leyti skulu upplýsingar gefnar eptir því sem með þarf samkvæmt skýrslufyrirmynd þeirri, sem prentuð er hjer á eptir — Skýrslur gripaeigenda til hreppstjóra eða bæjarfógeta skulu vera skriflegar. Skýrslur skal gefa um sjúkdóma þá, sem taldir eru upp í skýrslufyrirmynd þeirri, sem prentuð er hjer á eptir, og auk þeirra skal skrásetja í auðu dálkana þá sjúkdóma, sem ekki verða heimfærðir undir neinn hinna dálkana, en varhuga-verðir þykja, annaðhvort af því að þeir virðast næmir, eru viðförlur eða liggja í landi eða valda verulegu tjóni og óþægindum. Skal setja þeim það nafn, sem algengast er á staðnum og lýsa í athugasemdum eins nákvæmt og hægt er.

4. gr.

Gefi nokkur vísitandi rangar skýrslur um nokkur þau atriði, er um er spurt samkvæmt reglugjörð þessari, eða neiti nokkur að staðfesta skýrslu sína með vottorði upp á æru og trú, varðar það sektum frá 10 til 200 kr.

Tregðist nokkur við að láta þær upplýsingar í tje, sem heimtaðar eru samkvæmt reglugjörð þessari, má þröngva honum til þess með dagsektum, 1 til 5 kr. á dag. Lögreglustjóri ákveður dagsektir með úrskurði, er birta skal hlutadeiganda á venjulegan hátt.

5. gr.

Stjórnarvöld þau, sem falið er að safna skýrslum þeim, er hjer um ræðir, skulu gjöra sjer allt far um, að skýrslurnar verði svo fullkomnar, sem auðið er, enda ber þeim að beita vægðarlaust sektum þeim, sem 4. gr. tiltekur. Að öðrum kosti mega hin nefndu stjórnarvöld búast við að sæta sjálf ábyrgð fyrir bresti þá, sem í þessu efni kynnu á að verða.

Í stjórnarráði Íslands, 1. september 1906.

H. Hafstein.

Jón Hermannsson.